

## Stofnanasamningur milli BHM, stéttarfélags verkfræðinga og kjarafélags tæknifræðinga annars vegar og Flugmálastjórnar Íslands hins vegar

BHM, stéttarfélag verkfræðinga og kjarafélag tæknifræðinga annars vegar og Flugmálastjórn Íslands hins vegar, gera með sér stofnanasamning um forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkvæmt ákvæðum kjarasamnings BHM annars vegar og ríkisins hins vegar frá 28. febrúar 2005 og kjarasamnings milli stéttarfélags verkfræðinga og kjarafélags tæknifræðinga annars vegar og ríkisins hins vegar frá 9. mars 2005.

### 1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í ofangreindum stéttarfélögum.

### 2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðum séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli þannig að jöfnun launa fyrir sambærileg störf, án tillits til kynferðis.
2. Við röðun í launaflokka skal gæta innbyrðis samræmis milli starfsmanna og þess að opinberir starfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir sem hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu.
3. Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og aukinna verkefna og auðveldi jafnari dreifingu verkefna.
4. Að launakerfið miðist við að ráða, halda í, styrkja og þjálfa starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
5. Að launakerfið nýtist sem stjórnátæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.

### 3. Röðun starfa í launaflokka

Flugmálastjórn Íslands og ofangreindum aðilum er falin gerð stofnanasamninga, sem grundvallaðir skulu á kjarasamningum BHM, stéttarfélags verkfræðinga og kjarafélags tæknifræðinga. Aðilar hafa því ákveðið með samkomulagi hvaða þættir skulu lagðir til grundvallar við mat á störfum þeirra félagsmanna og hvað ráði röðun þeirra í launaflokka. Hér er fyrst og fremst litið til þeirra verkefna og skyldna sem í viðkomandi starfi felast, auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Einnig er litið til skipurits stofnunarinnar. Auk þess hafa starfslýsingar verið endurskoðaðar og eru þær lagðar til grundvallar við röðun starfa í launaflokka.

#### A. Skilgreiningar starfa

##### a. Sérfræðingar:

- i. Vinnur að skilgreindum sérhæfðum verkefnum undir handleiðslu annarra.

SS  
  
  
 VAA,  
 SV  


- b. Verkefnastjórar, starfsmenn í kerfisdeild og kerfisþjónusta:**
- i. Starfið felur í sér stjórnun einstakra verkefna.
  - ii. Ber ábyrgð á tilteknum og skilgreindum verkefnum gagnvart deildarstjóra sínum eða eftir atvikum framkvæmdastjóra. Viðkomandi er falið verkefnið af sínum yfirmanni.
- c. Umsjónarmenn sérverkefna og eftirlitsmenn:**
- i. Starfið felur í sér stjórnun og faglega ábyrgð á verkefnum innan tiltekins, skilgreinds sviðs.
  - ii. Ber ábyrgð á samhæfingu verkefna við stefnu stofnunarinnar.
  - iii. Ber ábyrgð á framgangi verkefnis gagnvart viðkomandi framkvæmdastjóra eða eftir atvikum deildarstjóra.
- d. Stjórnendur sérverkefnastofa:**
- i. Starfið felur í sér stjórnun og faglega ábyrgð á verkefnum innan tiltekins, skilgreinds sviðs.
  - ii. Ber ábyrgð á samhæfingu verkefna við stefnu stofnunarinnar.
  - iii. Ber ábyrgð á framgangi verkefnis gagnvart viðkomandi framkvæmdastjóra.
  - iv. Í starfinu felst verkstjórn og samhæfing á vinnu þeirra sem koma að verkefnum, hvort heldur sem er innan eða utan stofnunarinnar.
  - v. Og/eða í starfinu felst fjárhagsleg ábyrgð.
  - vi. Og/eða í starfinu felst stjórnun starfsmanna.
- e. Deildarstjórar:**
- i. Í starfinu felst stjórnun starfsmanna.
  - ii. Ber ábyrgð á stefnumörkun deildarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við heildarstefnu FMS.
  - iii. Ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni þjálfunaráætlana fyrir starfsmenn deildarinnar.
  - iv. Ber ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar gagnvart framkvæmdastjóra.
- f. Umdæmisstjórar:**
- i. Í starfinu felst stjórnun starfsmanna.
  - ii. Er flugvallarstjóri flugvalla í umdæminu.
  - iii. Ber ábyrgð á að rekstur flugvalla í hans umdæmi sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur, sem og aðrar skuldbindingar sem varða flugvelli, svo sem flugvallarhandbækur.
  - iv. Ber ábyrgð á stefnumörkun umdæmisins og að starfsemi þess sé í samræmi við heildarstefnu FMS.
  - v. Ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni þjálfunaráætlana fyrir starfsmenn umdæmisins.
  - vi. Ber ábyrgð á daglegum rekstri umdæmisins gagnvart framkvæmdastjóra.
- g. Staðgenglar framkvæmdastjóra:**
- i. Starf viðkomandi fellur undir liði d, e og/eða f hér að framan og vísað er til skilgreininga þeirra starfa.

80

Handwritten signature and initials, possibly 'VAG' and 'SIB', with a large '80' above it.

- ii. Er staðgengill framkvæmdarstjóra og honum til aðstoðar við daglega stjórn.
- iii. Ber ábyrgð á starfsemi og rekstri viðkomandi sviðs í fjarveru framkvæmdarstjóra.

#### **h. Framkvæmdastjórar:**

- i. Ber ábyrgð á stefnumörkun sviðsins og að starfsemi þess sé í samræmi við heildarstefnu FMS.
- ii. Ber ábyrgð á að fjármál sviðsins hvað varðar framkvæmdir og rekstur séu innan fjárheimilda.
- iii. Ber ábyrgð á gerð fjárlagatillagna.
- iv. Ber ábyrgð á gerð tillagna til flugmálaáætlunar.
- v. Ber ábyrgð á gerð útboða vegna verkefna.
- vi. Ber ábyrgð á samhæfingu deilda innan síns sviðs.
- vii. Ber ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins.

### **B. Röðun starfa í launaflokka**

<u>Röðun starfsheita</u>	<u>grunnur</u>	<u>verkefnaforráð</u>	<u>mannaforráð/verkstjórn/fjárhagslög</u> <u>ábyrgð</u>
Sérfræðingar	7		
Verkefnastjórar/starfsmenn í kerfisdeild og kerfisþjónustu		8	
Umsjónarmenn sérverkefna og eftirlitsmenn		10	
Stjórnendur sérverkefnastofa			12
Deildarstjórar			13
Umdæmisstjórar			14
Staðgenglar framkvæmdastjóra			15
Framkvæmdastjórar			18

#### **4. Persónu og tímabundnir þættir**

Aðilar hafa einnig ákveðið með samkomulagi út frá hvaða forsendum persónu – og tímabundnir þættir og/eða forsendur skulu lagðir til grundvallar við mat á störfum starfsmanna innan raða ofangreindra félaga og hafi þannig áhrif á laun þeirra. Slíkir persónu – og tímabundnir þættir koma fram sem álag á launaflokka, sem getur verið hækkun um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2,5% þilum. Hver þáttur hefur 1 bil í för með sér, eða 2,5% launabreytingu. Þættir þessir verða endurskoðaðir á minnst 2ja ára fresti.

Samanlögð hækkun vegna neðangreindra þátta getur aldrei orðið meiri en 20%.

**Persónu- og tímabundnir bættir sem geta valdið hækkun launa og koma til viðbótar grunnröðun:**

- i. Meistaragráða leiðir til hækkunar um 1 þátt.
- ii. Doktorsgráða leiðir til hækkunar um 1 þátt.
- iii. Önnur menntun; menntun sem starfsmaður hefur við upphaf starfs hjá FMS, sem hvorki er mastersgráða né doktorsgráða, en sannanlega nýtist í starfi og ekki hefur verið tekið tillit til við grunnröðun, skal leiða til hækkunar um 1 þátt.
- iv. Endurmenntun; viðbótar menntun sem starfsmaður aflar sér sjálfur, eftir að hann hefur störf hjá Flugmálastjórn Íslands og fellur í flokka 2 eða 3 skv. reglum FMS um endurmenntun starfsmanna, leiðir til hækkunar um 1 þátt, enda nýtist námið í starfi hans og varir í amk. 200 kennslustundir.
- v. 3 ára starfsreynsla við sambærileg störf í viðkomandi fagi leiðir til hækkunar um 1 þátt. Reynslu þessarar getur starfsmaður hafa aflað sér hvort heldur sem er hjá FMS eða utan hennar. Starfsreynsla mælist frá útskrift með amk. BSc eða BA gráðu frá viðurkenndum háskóla.
- vi. 6 ára starfsreynsla, þar af 3 ár hjá FMS, við sambærileg störf í viðkomandi fagi leiðir til hækkunar um 1 þátt. Starfsreynsla mælist frá útskrift með amk. BSc eða BA gráðu frá viðurkenndum háskóla.
- vii. 9 ára starfsreynsla, þar af 6 ár hjá FMS, við sambærileg störf í viðkomandi fagi, leiðir til hækkunar um 1 þátt. Starfsreynsla mælist frá útskrift með amk. BSc eða BA gráðu frá viðurkenndum háskóla.
- viii. markaðsaðstæður; ef markaðsaðstæður í viðkomandi starfsgrein eru með þeim hætti að hörgull er á starfsmönnum og/eða umfram spurn eftir slíkum starfsmönnum með tiltekna menntun og/eða reynslu hefur valdið launahækkunum í stéttinni getur það leitt til hækkunar um 1 þátt.
- ix. tímabundið álag; ef aðstæður eru með þeim hætti að vinnuframlag starfsmanns hefur aukist mjög tímabundið, og/eða áreiti og álag hefur aukist mjög tímabundið getur það leitt til hækkunar um 1 þátt.

**5. Hlutverk samstarfsnefndar**

Samstarfsnefnd hefur samráð varðandi framkvæmd tiltekinna þátta samningsins og/eða áætlanir um breytingar á honum eftir gildistöku hans.


Samstarfsnefnd er einnig samráðsvettvangur vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi stofnunarinnar.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans, t.d. ef miðlægum kjarasamningi er breytt og/eða ef breytingar verða á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunarinnar sem hafa áhrif á stofnansamninginn. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á stofnanasamningi.

**6. Meðferð ágreiningsmála**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt ráðað miðað við fyrirliggjandi forsendur eða breytingar hafa orðið á störfum hans og verkefnum getur hann ávallt óskað endurmats starfsmannahalds á starfi sínu og launum. Ef hann er ekki sáttur við niðurstöðu starfsmannahalds varðandi sín mál, getur hann vísað málinu til samstarfsnefndar sem fjallar um málið.

Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að mál kemur til meðferðar á

88  
  
 VAA  
 SVB  
 E

vettvangi hennar, getur hvor aðila um sig óskað eftir því að sáttanefnd fjármálaráðuneytisins og BHM fjalli um málið, sbr. gr. 11.5 í kjarasamningi BHM og ríkisins.

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar.

#### 7. Gildistími og endurskoðun


Gildistími stofnanasamningsins er sami og kjarasamninganna. Stofnanasamningurinn skal að jafnaði endurskoðaður á tveggja ára fresti ef talin er þörf á því.

#### 8. Undirritun


Samstarfsnefnd undirritar samninginn án fyrirvara, þ.e.a.s. félagsmenn þurfa ekki að kjósa um samninginn og tekur hann gildi við undirritun.

Reykjavík 24. mars 2006

F.h. Flugmálastjórnar Íslands

  
Sigrún Drunstad

F.h. BHM, kjarafélags  
tæknifræðinga og  
stéttarfélags verkfræðinga

  
Svein E. Elvarsson

## 9. Bókanir

### Bókun 1

Launasamningar allra félagsmanna BHM, stéttarfélags verkfræðinga og kjarafélags tækni- og verkfræðinga eru fastlaunasamningar. Það þýðir að ekki er greitt fyrir staðna yfirvinnu fyrir utan fasta tíma. Ef yfirmaður metur aðstæður með þeim hætti að brýn þörf sé á að starfsmaður vinni yfirvinnu, skal þó greitt fyrir yfirvinnu við þær aðstæður. Slíkt heyrir til undantekninga. Frumkvæði að vinnunni getur verið hvort sem er frá starfsmanni eða yfirmanni, en aðstæður skulu ávallt vera háðar mati yfirmanns og skal samið um greiðslur fyrirfram, sé þess einhver kostur. Þó svo að um fastlaunasamninga sé að ræða skal starfsmaður ávallt halda utan um vinnuframlag sitt og halda því til haga.

### Bókun 2

Greitt er sérstaklega fyrir bakvaktir. Sé um útkall að ræða á bakvaktatíma er slíkur tími metinn með venjulegum hætti og greitt er fyrir hann sérstaklega. Á sama tíma fellur bakvaktarálag niður. Sé vinna í útkalli unnin fjarri vinnustað, í gegnum síma eða tölvutengingu, reiknast það ekki sem útkall, heldur skal unninn tími greiddur með venjulegum hætti.

### Bókun 3

Flugmálastjóri mun setja reglur hvað varðar tímabundna þóknun til starfsmanna, að hámarki að fjárhæð kr. 30.000, sbr. ákvæði í ofangreindum kjarasamningum.

SS  
[Signature]  
VAA  
Srs  
[Signature]